

Kirkjuþing 2019
28. mál – Þskj. 28

T I L L A G A

til þingályktunar um ferli vegna breytinga á prestakallaskipan í landinu
(Lagt fyrir 59. kirkjuþing 2019)

Flutt af Guðlaugi Óskarssyni, Önnu Guðrúnu Sigurvinsdóttur,
Einari Má Sigurðarsyni og Stefáni Magnússyni
Frsm. Guðlaugur Óskarsson

Lagt er til að allar hugmyndir um sameiningu prestakalla eða breytingar á þeim verði grundvallaðar á samráði biskupafundar við sóknarnefndir og sóknarfólk. Að breytingar á sóknarmörkum og sameiningu sókna verði unnar áður en til breytinga á prestakallaskipan komi.

Greinargerð.

Til þess að sú þróun sem framundan er, verði til að efla kirkjustarf í landinu, er afar mikilvægt að til samráðs og ráðgjafar við sóknarnefndir og sóknarfólk komi, um áhrif breyttra sóknarmarka eða sameiningu sókna. Að því standi biskupafundur, fjármálastjóri og lögfræðingur þjóðkirkjunnar.

Markmið fundanna væri að skoða hvernig styrkja mætti alla þætti kirkjustarfs, jafnframt því að tryggja að gömlum kirkjum verði viðhaldið eftir sameiningu. Að ríkið er setti á sínum tíma lög um varðveislu gamalla húsa, taki að sér viðhald þeirra kirkna sem aflagðar kunna að verða við sameiningu sókna.

Eftir ítarlega skoðun á þeirri grunneiningu sem sókn er, breyttum sóknarmörkum eða sameiningu tveggja eða fleiri sókna verður fyrst tímabært að endurskoða prestakallaskipan í landinu.